



## MINNISBLAÐ

### vegna erindis um aðbúnað í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Mnr. 2211219

Dags. 28. nóvember 2022

Höfundur: Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs hefur aflað upplýsinga hjá skólustjóra Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, m.a. um þau atriði sem nefnd eru í erindinu.

Stjórnendur eru þakklátir fyrir velvilja foreldrafélags Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri og telja erindið vera sent með hagnemi nemenda og starfsfólks í huga.

- Eins og staðan hefur verið á Eyrarbakka nú á haustönn er rými ekki til staðar fyrir stoðþjónustu. Stjórnendur hafa bent á þetta og óskað eftir bráðabirgðaaðstöðu en ekki hefur verið brugðist við því. Það kemur m.a. til vegna þess að afhending nýs húsnæðis átti að vera í byrjun september en var svo frestað. Stoðþjónusta hefur farið fram inn í kennslustundum og eftir því sem möguleikar hafa gefist til á Stokkseyri.
- Tækjabúnaður er að hluta kominn til ára sinna en það eru til tæki fyrir alla nemendur unglíngastigs og verið er að vinna að endurnýjun búnaðar í skrefum. Stjórnendur og starfsfólk skólans er ekki sammála því sem fram kemur í erindinu að tækjabúnaður sé með öllu óboðlegur en svo sannarlega er að komið að endurnýjun margra tækja og þá sérstaklega fartölva. Spjaldtölvur eru nýjar og er hluti þeirra réttilega einungis 32 gb en allt er unnið á skýi þannig að það er ekki ómögulegt. Það er því ekki rétt að ekki sé hægt að kenna heilum bekk í einu þannig að allir séu með tæki.
- Sundlaugin á Stokkseyri er lítil og ekki hægt að kenna allt sem aðalnámkrá segir til um svo sem björgunarsund, marvaða og dýfingar (að stinga sér).

Í samtölum sviðsstjóra við skólustjórnendur BES ekki alls fyrir löngu hefur komið fram að tafir á afhendingu á nýja húsnæðinu á Eyrarbakka hafi haft mjög neikvæð áhrif á nám, kennslu og líðan nemenda og starfsfólks. Skólustjórnendur hafa áhyggjur af því að þeir séu jafnvel að missa eitthvað af starfsfólki í veikindaleyfi vegna ástandsins og afar baglegt sé að ekki væri hægt að bregðast við með tímabundinni húsnæðislausn vegna þessara tafa. Hins vegar stefnir allt í að hægt verði að taka nýja húsnæðið í notkun innan fárra vikna. Loks mætti e.t.v. skoða að fara nokkrar ferðir á hverju skólaári í sundkennslu á Selfossi svo auðveldara sé að kenna alla námpætti aðalnámsskrár grunnskóla.